



MAPEGUM WP 336/5.99

HRÆÐÞORNANDI OG FLJÓTANDI ÞÉTTIEFNI, TIL RAKAÞÉTTINGA INNANHÚSS.

NOTKUNARSVIÐ:

Til að rakaverja gólf og veggj sem ekki liggja stöðugt undir vatni eða þar sem er viðvarandi uppgufun.

MAPEGUM WP má nota á: Gifsplötur, gifs- og múrhúðaða fleti, léttsteypu, rakavarinn krossvið. Einnig hefðbundnar og rakavarðar spónaplötur.

Sementsbundnar ílagnir, timbur og o.fl.

Einnig á eldri flísalagnir og náttúrustein en þá með því að grunna fyrst með MAPEPRIM SP.

Damigerð notkun:

Til að rakaverja veggj og gólf í baðherbergjum og sturtuklefum fyrir flísalögn. Einnig t.d. á eldhúsvaggi og gólf svo og á borðplötur þar sem leggja á flísar eða náttúrustein.

EIGINLEIKAR:

MAPEGUM WP er einspáttar gráleitur pasti / deig úr vatnsleysanlegum og sýrufríum gerfiefnum.

Þar sem MAPEGUM WP er seigfljótandi þá er auðvelt að bera það á hallandi og lóðréttu fleti svo og lárétta.

Vegna hraðrar uppgufunar þá myndar MAPEGUM WP óklístraða og teygjanlega hlífðarhimnu, sem er mjög sterk og togþolin. Hún er nægjanlega sterk til að þola gangandi umferð og myndar hlífðarhimnu sem gefur mjög gott grip fyrir lagnir á flísum og náttúrusteini.

Vegna þenslu-eiginleika MAPEGUM WP þá stenst efnið alla venjulega þenslu og tog sem myndast vegna hitabreytinga og tritnings, og er því einskonar sprunguþétting við háræða-sprungum (<1mm).

MAPEGUM WP er vatnspétt og þolir klórblandað vatn svo og öll venjuleg heimilis hreinsiefni. Einnig kalkvatn (pH>12).

RÁÐLEGGINGAR:

Leggið ekki MAPEGUM WP við lægra hitastig en +5°C.

Fyllið holur, ójöfnur og hvíltir þar sem hætta getur verið á pollamyndun.

Notið ekki MAPEGUM WP á raka, sementsborna fleti eða ílagnir, þar sem vænta má samfelldrar uppgufunar.

Notið ekki á tjöru-yfirborð eða nýtt malbik, þar sem búast má við "blæðingu" annarra fylli- eða íblöndunarefna.



Notið ekki MAPEGUM WP á fleti sem eru samfelld undir vatni t.d. í sundlaugum, heitum pottum, gosbrunnum, vatnsgeymum o.þ.h. Í slíkum tilfellum skal nota MAPELASTIC frá MAPEI.

Notið ekki MAPPEGUM WP yfir sprungur sem gætu verið á sífelldri hreyfingu.

VERKLAG: (undirbúningur).

Allir fletir verða að vera hreinir, þurrir og gegnheilir. Lausir við ryk, fitu, olíu, gamla málningu og aðra aðskotahluti sem koma í veg fyrir festu.

Hreinsið þá fleti sem bera skal á, með vírbursta / rafmagnsbursta eða þvítíku.

- Annars með háþrýsti- eða gufuþvotti.

Steyptir fletir og ílagnir verða að vera þurrar og ekki má þar vænta uppgufunar.

Mjög dræga fleti eða gifs múr / gifsplötur, þarf að grunna með PRIMER G (venjulega blandað 1:1 eða 1:2 með vatni. Bíðið síðan í nokkrar klst. til að tryggja að grunnurinn síst vel inni flötinn eða þar til PRIMER G er alveg þurr.

Ílagnir og gifs-yfirborð verða að vera þurr (hámarks rakastig 0,5%), áður en PRIMER G eða PRIMER S er borinn á.

Eldri flísalagnir og náttúrustein þarf að grunna með MAPEPRIM SP áður en MAPEGUM WP er borið á.

Til að útbúa fláa, aflíðandi kverkar og halla, - notið þá viðeigandi MAPEI efni, áður en MAPEGUM WP er borið á.

Borið á:

MAPEGUM WP má bera á með múrbretti, spaða, rúllu, pensli / kústi eða jafnvel málningarsprautu, en þá skal þynna með að hámarki 5% vatni.

MAPEGUM WP skal bera á í jöfnu og þunnu lagi, - ekki þykkara en 1 mm í hverri umferð. Bíðið þar til fyrsta lagið er þurrt (1-2 klst) áður en það næsta er borið á.

Endanleg þykkt má hvergi vera minni en 1 mm, þannig að úr verði æskileg verndarhimna án veikleika og til að tryggja viðvarandi tog- og þensluþol MAPEGUM WP.

12-24 klst eftir síðustu umferðina (fer eftir aðstæðum við lögn) þá er MAPEGUM WP tilbúið undir flísalögn og náttúrustein o.þ.h. - Til að tryggja sem besta festu og viðloðun, er áriðandi að nota límefnin frá MAPEI.

ATH!

Í öll samskeyti er áriðandi að nota MAPEBAND styrktar- og teygjuborða.

Sérstakar gerðir af MAPEBAND skal nota í kverkar og horn, svo og í kringum niðurföll og frárennsli.

Borðana verður að þekja alveg með MAPEGUM WP.

**Flísalögn:**

Eftir að MAPEGUM WP hefur verið borið á, þarf að bíða u.þ.b.:

- 24 klst. vegna drægra flísa sem leggja á.
- 4 – 5 daga, ef um er að ræða ódræga fleti (ílagnir)

Það fer eftir stærð flísa og breidd fúgu, hvaða flísalím skal nota. Mælt er með hraðþornandi lími t.d. *KERAQUICK*, *GRANIRAPID*, *KERAFLEX* eða *ULTRAMASTIC III*.

Fúgun:

Fúga skal með *ULTRACOLOR*, *KERACOLOR* eða *KERAPOXY*.

Sjá nánar litaspjald MAPEI yfir fúguliti.

Áríðandi er að nota sérstaka þenslufúgu *MAPESIL*, þar sem við á s.s. í þenslu-raufar, kverkar og önnur samskeyti.

Hreinsun:

Óharðnað MAPEGUM WP má hreinsa af verkfærum, höndum og yfirborði með hreinu vatni.

ÞEKJA:

Um það bil 1,5 kg fyrir hverð þykktar mm.

PÖKKUN:

MAPEGUM WP fæst í 25, 10 og 5 Kg fötum.

GEYMSLA:

Forðist frost við flutning og geymslu MAPEGUM WP. Við venjulegar aðstæður innanhúss, geymist efnið í a.m.k. 12 mánuði í upphaflegum, óopnuðum umbúðum.

ÁRÍÐANDI:

Ef vafi leikur á hvort MAPEGUM WP þolir þær aðstæður sem á að nota það í, - gerið þá prófun til að ganga úr skugga um slíkt.

AÐVÖRUN

Þó tæknilegar leiðbeiningar og fyrirmæli þau sem að ofan greinir séu samkv. því sem okkur hefur reynst best, þá skulu þau aðeins höfð til viðmiðunar og aðeins sannreynd í ljósi nægjanlegrar reynslu af notkun efnisins. Því skal notandinn ganga úr skugga um hvort efnið hentar til fyrirhugaðrar notkunar enda hvílir á honum öll ábyrgð í því sambandi.

FYRIR FAGMENN EINGÖNGU



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

MAPEGUM WP samræmist kröfum ZDB “Leiðbeiningar um innan- og utanhúss rakavörn fyrir flísalögn”. Í maí 1997. S.F.V vottun.

EFNISLÝSING:

Þéttleiki efnisins	Seigfljótandi deig / pastí
Litur	Ljós grár.
Eðlismassi	1,5 g / cm ³
pH gildi	9,0
Þurrefnis innihald	75 %
Brookfield seigla	260 Pa.s
Geymsluþol	12 mán. í upphaflegum óopnuðum umbúðum. Varist frost við flutning.
Heilsuvá skv. EEC 88/379	Engin.
Eldfimt	Nei.

BORIÐ Á:

Lágmarkshitastig til þornunar	+5°C.
Hitastig við lögn	Frá +5°C < +35°C
Þornun (2mm þykkt) við + 23°C	5 klst.
Þornun (2mm þykkt) við + 5°C	12 klst.

ENDANLEGIR EIGINLEIKAR:

Mótstaða gegn vatnsúða	2 klst. eftir lögn.
Öldrunarþol	Frábært.
Mótstaða gegn olíu og leysiefnum	Góð.
Alkali- og sýruþol	Gott.
Þanþol (skv. DIN 53504)	180 %
Vatnsdrægni (miðað við þyngd):	
7 dagar við +23°C og 21 dag í vatnslausn	10 % (UNI 8202/ 22a)
Gljúpleitni v/ uppgefunar (m)	650 (UNI 8202/ 23a)
